

139. löggjafarþing 2010–2011.

Þskj. XXX — X. mál.

Fylgiskjöl sbr. tölvupóst til skjaladeildar frá Ólafi Elvari

1. Hagspá Íslandsbanka
2. Bókun fjárlaganefndar um úttekt byggðamála
3. Efnahagstillögur þingflokks sjálfstæðismanna

Umsögn Ríkisendurskoðunar um fjárlagafrumvarp ársins 2011
Stöðuskjal

Drög nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011.

Frá 1 minni hluta fjárlaganefndar.

I. Inngangur

Ástand efnahagsmála sýnir glögg að ríkisstjórnin hefur ekki valdið því hlutverki að endurreisa íslenskt efnahagslíf í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Senn eru liðin tvö ár frá því Samfylkingin og Vinstri hreyfingin grænt framboð tóku við stjórnartaumunum og á þessum tíma virðist sem stefnuleysi og verkkvíði ráði för fremur en örugg verkstjórn - eins og boðuð var í upphafi.

Endurskoðuð þjóðhagsspá boðar ekki gott, fjárfesting hefur aldrei verið minni á lýðveldistímanum og erfitt er að sjá með hvaða hætti endurreisn á að fara fram þegar það virðist beinlínis vera á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að standa í vegi fyrir fjárfestingu á Íslandi, - hvort sem er innlendri eða erlendri. Nýir skattar ríkisstjórnarinnar letja flestir til fjárfestingar og má nefna að í sjávarútvegi halda menn sig til hlés, meðan framtíðarskipan atvinnugreinarinnar er haldið í skjálfandi og óráðnum vinstri heljargreipum, sem og fjárfestingu í gagnaverum, þar sem stírfni í stjórnsýslu virðist ætla að ganga af verkefnum dauðum.

Atvinnuvegafjárfesting á Íslandi er í sögulegu lágmarki og útlit í þeim efninum er ekki gott fyrir næsta ár. Til þess að snúa af þessari braut leggur 1 minni hluti áherslu á að hlúa verður að framleiðslugreinum sem standa að stórum hluta undir útflutningstekjum þjóðarinnar. Þar

leggja vaxtarmöguleikar og það verður að teljast óskynsamlegt að nýta þá ekki í atvinnulífi landsins þar sem tapast hafa rúmlega 22 þúsund störf vegna efnahagshrunsins. Nýbirt könnun um verðmætasköpun skapandi greina, allt frá ferðaþjónustu til myndlistar, er ánægjulegur vitnisburður um þann árangur sem unnt er að ná ef stjórnvöld skapa skilyrði til þess að frumkvæði einstaklinga og fyrirtækja fái að njóta sín. Umsvif þessa geira atvinnulífs á Íslandi hefur vaxið mikið á undanförunum 10 árum og árleg velta nemur um 200 milljörðum króna. Tvímælalaust má fullyrða að á þessu sviði liggi mörg ónýtt tækifæri. Stjórnvöld þurfa að vinna með þeim sem vilja og geta lagt sitt lóð á vogarskálarnar með það að markmiði að íslenskt mannlíf og efnahagur rísi á nýjan leik.

Leið ríkisstjórnarinnar hefur verið að hækka skatta og leggja nýjar álögur á landsmenn, almenning og atvinnulíf. Dregist hefur úr hömlu að ganga frá fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja, sem leiðir af sér óvissu um hver munu þrúka kreppuna sem og svigrúm þeirra sem það munu gera til athafna. Fyrirtæki í þeirri stöðu eru ekki líkleg til að fjölga störfum og ráða til sín nýtt fólk. Atvinnuleysi er ekki eina afleiðingin, því ýmsar blíkur eru á lofti um fylgifiska þessa ástands; atgervisflóttu og svarta starfsemi.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2011 boðar þriðju bylgju skattahækkana ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Fyrir hafa skattar verið hækkaðir um 55 milljarða króna, en næstu skattahækkanir eiga að kosta almenning og fyrirtæki um 11 milljarða króna.

Hækkanir á eignaskatti, fjármagnstekjuskatti, erfðafjárskatti, bifreiðagjaldi og kolefnisgjaldi leggja auknar álögur beint á heimilin, auk hækkunar á áfengis- og tóbaksgjaldi. Að auki eru boðaðar hækkanir á tekjuskatti lögaðila í 20%, en skatturinn var 15% þegar þessi ríkisstjórn tók við. Fjármagnstekjuskattur var 10% fyrir hrinu skattahækkana ríkisstjórnarinnar, en stefnir í að verði 20% samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Hluti þessara skattahækkana fer beint inn í hækkun á vísitölu neysluverðs, sem enn rýrir ráðstöfunartekjur heimila og eykur á skuldir þeirra og fyrirtækja. Hvaða réttlæti er í því að skattahækkanir ríkisstjórnarinnar leiði til þess að skuldir landsmanna hækka? Sömu heimila og þurfa einnig að taka á sig enn meiri fjárhagslegar byrðar vegna hækkana sveitarfélaga á útsvari og þjónustugjöldum.

Í atvinnulífinu myndast atvinna með fjárfestingum fyrirtækja. Fjárfestingar fyrirtækja skapast með blöndu af trausti, áhættufé og lánsfé. Lítið hefur verið gert til að endurskapa traust á áhættufé eftir að um 60 þúsund venjuleg heimili töpuðu endanlega 80 milljörðum króna af sparifé sínu. Þetta traust verður að endurheimta ef fjárfestingar eiga að hefjast að nýju og atvinna að aukast.

II. Breyttar þjóðhagsforsendur og áhrif á fjárlög.

Þjóðhagslegar forsendur fjárlaga hafa breyst mikið frá þjóðhagsspá sem birt var í júní síðastliðinn. Þannig er nú gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 1,9% á næsta ári í stað 3,2%. Í endurskoðaðri þjóðhagsspá kemur fram að fjárfesting mun dragast saman um allt að 10,3 prósentustig frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Stafar þessi samdráttur fyrst og fremst af því að ekki er nú lengur gert ráð fyrir framkvæmdum í Helguvík árið 2011. Innlend eftirspurn mun dragast saman um 1,6 prósentustig og útflutningur um 0,8 prósentustig frá fyrri spá, sjá

töflu. Drifkraftar hagvaxtar virðast því verða afar veikir á næsta ári og lítið má út af bregða til að allt fari á verri veg.

	Endurskoðuð þjóðhagsspá (nóvember)	Forsendur fjárlaga (júní)	Breyting
Hagvöxtur	1,9%	3,2%	-1,3%
Fjárfesting	14,9%	25,2%	-10,3%
Einkaneysla	2,6%	3,4%	-0,8%
Samneysla	-4,3%	-3,8%	-0,5%
Útflutningur	1,0%	1,8%	-0,8%
Innflutningur	2,0%	3,2%	-1,2%
Innlend eftirspurn	2,4%	4,0%	-1,6%
Kaupmáttur	3,6%	3,7%	-0,1%
Verðbólga	2,3%	3,5%	-1,2%
Launavísitala	4,4%	5,2%	-0,8%
Atvinnuleysi	7,3%	8,3%	-1,0%

Heimild: Hagstofa Íslands

Athygli vekur að þrátt fyrir að þjóðhagsforsendur séu nú mun verri en í júní er því spáð að atvinnuleysi muni dragast saman um 1 prósentustig. Þetta gerist þrátt fyrir að fjárfesting verði mun minni en gert var ráð fyrir í júníspánni. Enn meiri athygli vekur að gert er ráð fyrir að kaupmáttur breytist óverulega og er það vegna hagstæðari verðlagsforsendna. Þannig var gert ráð fyrir í forsendum fjárlaga að meðalverðbólga yrði 3,5% á næsta ári en nú er gert ráð fyrir 2,3% verðbólgu. Það er mat 1. minnihluta að þessi spá gangi tæpast upp. Verri þjóðhagsforsendur ættu að öllu jöfnu að leiða til meiri samdráttar í eftirspurn en hér er gert ráð fyrir. Fjárlagfrumvarpið virðist því hvíla á mjög veikum grunni.

Áhrif lakari þróunar efnahagsstarfseminnar en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu hefur mikil áhrif á ríkissjóð. Þannig er það mat Samtaka atvinnulífsins að breyttar þjóðhagsforsendur leiði til 6,1 milljarðs verri afkomu ríkissjóðs en ella, sjá töflu.

	Fjárlagafrumvarp Endurskoðuð áætlun	
VLF, fjárlagafrumvarp (milljarðar kr.)	1.720	1.696
Magnbreytingar milli ára (%)	3,2%	1,9%
Verðbreytingar milli ára (%)	3,8%	3,8%
Lækkun landsframleiðslu, (milljarðar kr.)		23,4
Hlutfall skatttekna í VLF (%)		26%
Lækkun skatttekna (milljarðar kr.)		6,1

Heimild: Samtök atvinnulífsins

OECD er svartsýnna á hagvöxt en Hagstofa Íslands en hagvaxtarspá stofnunarinnar fyrir næsta ár hljóðar upp á 1,5% sem er um 0,4 prósentustigum lægri en endurskoðuð spá Hagstofu Íslands. Vegna þessa metur OECD það svo að tekjur ríkissjóðs séu ofmetnar um 15 milljarða króna á næsta ári. Þá spáir Evrópusambandið að hagvöxtur verði einungis um 0,7% á næsta ári. Á sömu nótum er nýjasta hagspá Íslandsbanka, **sbr. fylgiskjal 1 (hagvaxtarspá Íslandsbanka)**. Miðað við sömu forsendur og áður yrðu skatttekjur ríkissjóðs allt að 27 milljörðum lægri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi ef þessar spár ganga eftir.

Auknar skattaálögur munu festa efnahagslífið enn frekar innan þess vítahrings sem það er fast í núna. Því varar 1. minni hluti við því að gripið verði til vanhugsaðra ráðstafana og býður um leið fram krafta sína við að ná tókum á ástandinu.

Líkur er til þess að skattstofnar bregðist kröftugar við álögum en ríkisstjórnin gerði ráð fyrir og meira í samræmi við þau varnaðarorð sem undirrituð létu falla fyrir ári síðan. Það ætti að vera enn ein ástæðan fyrir fjárlaganefnd að endurskoða þá stefnu sem mörkuð er með fjárlögum. Í því sambandi ber sérstaklega að íhuga að álagning á skattskyldar tekjur einstaklinga 2007–2010 stafar í sívaxandi mæli frá greiðslum Tryggingastofnunar, greiðslum úr lífeyrissjóðum, þar með talið séreignarlífeyrissjóðunum og sérstökum útborgunum úr séreignarsparnaði, frá húsaleigubótum og einnig atvinnuleysisbótum. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir því að aukning verði í tekjuskatti einstaklinga á árinu 2011. Ekki er að mati 1. minni hluta raunhæft að reikna með þessari tekjuaukningu þegar tekið er mið af skerðingum á greiðslum úr bótakerfum ríkissjóðs samkvæmt áætlun fjárlagafrumvarpsins. Breytingar á tekjum við aðra umræðu eru auk þess bornar uppi af aukinni arðsemiskröfu á opinber fyrirtæki, alls að upphæð 1.000 milljónir króna..

III. Útgjaldahlið fjárlaga

Agi og yfirsýn

Í langtímaáætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum er gert ráð fyrir að engar hækkanir verði næstu fjögur árin á útgjaldahlið ríkissjóðs, ef frá eru taldar verðlagshækkanir. Því sætti það nokkurri furðu að boðaðar voru breytingar á fjárlagafrumvarpinu um leið og það var lagt fram með heilbrigðisráðherra fremstan í flokki. Sem formaður fjárlaganefndar, fram til ráðherraskipta í september s.l., sat hann í ríkisfjármálahópi ríkisstjórnarinnar. Því kom á óvart að heilbrigðisráðherrann boðaði umbyltingu á stefnu stjórnvalda samtímis og frumvarpið leit dagsins ljós. Þetta er endurtekin saga frá fjárlagagerð fyrir árið 2010 þegar iðnaðarráðherra kannaðist ekki við tillögur varðandi nýja skatta á auðlindir og orku. Í flestum löndum felst stuðningur við ríkisstjórn í stuðningi við fjárlög hennar og hlýtur þetta agaleysi að sýna alvarlegan skort á samráði innan ríkisstjórnar og stjórnarmeirihluta eða að ríkisstjórnin sé ekki starfi sínu vaxin.

Losarabragur við framkvæmd erfiðra verkefna á sviði hagræðingar í ríkisrekstrinum felur í sér aukinn kostnað og greiðslu vaxta af lánum á tafatímanum og hægar gengur að ná markmiðum um jöfnuð í ríkisfjármálunum.

Laun og kaupmáttur.

Laun og launatengd gjöld opinberra starfsmanna eru stærsti einstaki útgjaldaliður fjárlaga ríkissjóðs og nema u.þ.b. 114 milljörðum króna. Ráðgert er að launagjöld ríkissjóðs lækki um tæpa 9 milljarða króna milli árunna 2010 og 2011. Stærstur hluti þeirrar lækkunar, u.þ.b. 8 milljarðar króna, stafar af yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Í forsendum frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir launahækkunum hjá ríkisstarfsmönnum en engu að síður gera forsendur fjárlagafrumvarpsins ráð fyrir að kaupmáttur launa aukist milli ára. Allir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru lausir og vandséð er að opinberir starfsmenn muni ekki fylgja í kjölfar kjarasamninga sem gerðir verða á almennum vinnumarkaði. Launahækkanir á almennum markaði eru inni í tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins en á gjaldahlið frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir launahækkunum ríkisstarfsmanna. Gera verður fyrirvara við þá áætlanagerð sem byggir á framangreindum þversögnum. Verður ekki annað séð en gengið sé út frá því að kaupmáttaraukningin muni nánast öll eiga sér stað hjá einkageiranum.

Í breytingartillögum meiri hlutans hefur uppsögnum ríkisstarfsmanna að hluta til verið slegið á frest en engar fjárhæðir á launalið ríkissjóðs hafa verið kynntar fjárlaganefnd vegna þessara breytinga sem undirstrikar enn og aftur mikilvægi þess að breyta vinnubrögðum framkvæmdavaldsins þegar það leggur upplýsingar fyrir fjárlaganefnd.

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs

Á fundum fjárlaganefndar hefur 1 minni hluti bent á að hreinar lífeyrisskuldbindingar námu í árslok 2009 339,8 milljörðum króna samkvæmt ríkisreikningi. Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um fjármögnun skuldbindingarinnar. Að mati 1 minni hluta er óhjákvæmilegt að hafist verði handa við móttun tillagna um það hvernig þessum skuldbindingum verði mætt. Hafa ber í huga í þessu sambandi að í lok árs 2009 var ríkissjóður einnig í ábyrgðum fyrir rúmum 1.200 milljörðum króna. Áætluð landsframleiðsla ársins 2010 eru um 1.500 milljarðar króna.

Bótakerfi

Af þeim upplýsingum sem fjárlaganefnd bárust við gerð fjárlagaráskilnaða ársins 2010 má draga þá ályktun að ákvarðanir sem teknar eru varðandi breytingar á bótakerfum almannatrygginga byggja á ótraustum grunni. Mikil óvissa er um áhrif þeirra breytinga sem gerðar eru á greiðslum úr bótakerfum almannatrygginga, svo sem úr Atvinnuleysistryggingasjóði, ellilífeyri og örorkubótum.

Í fjárlagaráskilnaðum ársins 2010 kom í ljós að ákvarðanir ríkisstjórnarinnar skertu kjör aldraðara og öryrkja um 4 milljarða króna umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þess árs. Ljóst er af þeim breytingum að alla yfirsýn skortir um samspil hinna ólíku bótabátta almannatryggingakerfisins. Brún nauðsyn er á gagngerri endurskoðun þess. Sem dæmi má nefna að rýna þarf kosti þess og galla að greiðslur vegna húsaleigubóta, vaxtabóta og barnabóta verði sameinaðar. Markmiðið er að stoppa í göt í kerfinu.

Einnig ber nokkuð á því í frumvarpinu að ýmsar tillögur til lækkunar á greiðslum út úr bótakerfum almannatrygginga eru óútfærðar. Vafamál er í ljósi reynslunnar að sá sparnaður sem þar er stefnt að náist. Nærtækasta dæmið, þessum athugasemdum til stuðnings, eru áform um sparnað hjá Sjúkratryggingum Íslands og einnig mætti nefna að ekki liggur fyrir samkomulag við lífeyrissjóði landsmanna um kostnaðarþátttöku þeirra í niðurgreiðslum bóta almanna tryggingakerfisins.

Orð og athafnir stangast á.

Sérstaka athygli vekur að margvísleg áform frumvarpsins ganga þvert gegn yfirlýstri stefnu stjórnvalda og stjórnarsáttmála hinnar svokölluðu norrænu velferðarstjórnar. Nefna má sérstaklega tvö dæmi því til staðfestingar að nokkuð skortir á samræmi milli orða og athafna.

Í stefnuyfirlýsingu Samfylkingarinnar og Vinstri grænna skal beita aðferðum kynjaðrar hagstjórnar í öllu fjárlagaferlinu. Því skýtur skökku við sú áhersla sem fram kemur í frumvarpinu á fækkun kvennastarfa í velferðarþjónustu landsins. Í stefnu yfirlýsingunni segir:

„Við ákvarðanir um útgjaldaramma til næstu fjögurra ára verði lögð áhersla á samstöðu um brýn velferðarverkefni, verndun stafa, kynjajafnrétti og áhrif á byggðirnar. Kynjuð hagstjórn verður höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð og efnahagsstjórn.“

Gríðarleg viðbrögð og mótmæli við tillögum stjórnarflokkanna eru órækur vitnisburður um að þessi stefnumið hafa verið svikin.

Í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010 – 2013, sem lögð var fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011, er lögð áhersla á að félagsauður hvers svæðis sé „grundvöllur atvinnulífs, þjónustu og almennrar þátttöku í uppbyggingu samfélagsins. Félagssauðurinn ræður því miklu um almenn búsetuskilyrði og samkeppnishæfni.“

Ekki verður annað ráðið af viðbrögðum við fjárlagafrumvarpinu en að tillögur ríkisstjórnarinnar vegi að grunni atvinnulífs og lífskjörum vítt um land. Þar með eru áform frumvarpsins í beinni andstöðu við byggðaáætlun fyrir árin 2010 - 2013.

Stefna stjórnvalda í þessum málum kemur einnig fram í tillögu forsætisráðherra til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um allt land sem lögð var fram á 138. löggjafarþingi 2009 – 2010. Í þingsályktuninni er sagt fyrir um til hvers er ætlast:

„Sóknaráætlun felur í sér áform um fjárfestingar í mannauði og nauðsynlegum innviðum efnahagslífsins og stefnu um hvernig megi styrkja menntun og menningu, nýsköpun og þróun, umhverfismál og samfélagslega innviði.“

Enn fremur kemur fram í þessari stefnu Samfylkingar og Vinstri grænna um mannauð að :

„...lögð (verði) áhersla á að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla þannig að allir einstaklingar eigi jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska

hæfileika sína óháð kyni. Horft verður til aldurskiptingar og hvernig skuli brugðist við hugsanlegu misvægi í aldursþróun. Þá verði samræmdar áherslur og skipulag í grunnmenntun, framhaldsmenntun og starfsþjálfun á viðkomandi svæði“

Í tillögunni er einnig rætt um félagsauð og í stefnumörkuninni kemur fram að á því sviði verði:

„...lögð áhersla á skipulag heilbrigðisþjónustu og skipulag félagsþjónustu með tilliti til aldraðra, öryrkja, fatlaðra og atvinnulausra. Hér er um kostnaðarsama þjónustu að ræða og því mikilvægt að samþætta þjónustuna innan svæðisins við nærliggjandi svæði og þar með samnýta það fé sem veitt er til þessara málaflokka.“

Með tillögum sínum í fjárlagafrumvarpinu gekk ríkisstjórnin gegn eigin stefnumörkun, komu þær hardast niður á starfskjörum kvenna og svonefndum félagsauði, ekki síst á landsbyggðinni. Í ljósi þeirra alvarlegu, mörgu og miklu athugasemda sem fram hafa komið víðsvegar að af landinu er bersýnilegt að miklir erfiðleikar blasa við stjórnvöldum við að framfylgja eigin stefnu í þessum efnunum. Ástæðan liggur fyrst og fremst í þeirri dapurlegu staðreynd að ríkisstjórnin hefur að einhverjum ástæðum ekki unnið heimavinnuna sína áður en lagt var upp í þennan vonlausa leiðangur.

Meðal annars af þessum ástæðum lögðu fulltrúar 1 minni hluta fjárlaganefndar fram tillögu til úrbóta á fundi nefndarinnar þann 15.11.2010. **Sjá fylgiskjal 2** (bókun á fundi fjárlaganefndar 15. 11. 2010) Var hún samþykkt samhljóða af nefndinni. Ef vel gengur verður þessi vinna vonandi til þess til þess að skapa meiri skilning og þá um leið almennari sátt í þjóðfélaginu um þær aðgerðir sem nauðsynlegar kunna að reynast til að koma böndum á hallarekstur ríkissjóðs.

Heilbrigðiskerfið

Öllum mátti ljóst vera í október 2008 að reka þyrfti heilbrigðisþjónustuna fyrir minna fjármagn en áður. Þá var samstundis hafist handa við þá vinnu og um eitt hundrað manns var falið það verkefni að endurskipuleggja heilbrigðisþjónustuna í landinu. Við ríkisstjórnarskipti þann 1. febrúar 2009 var allri þessari vinnu hætt. Þess í stað einbeitti þáverandi ráðherra sér að því rétt fyrir kosningar, að lofa fólki víðsvegar um landið að það þyrfti ekki að hafa áhyggjur af niðurskurði á þessu sviði.

Í stað skipulagsbreytinga var farið í flatan niðurskurð á árinu 2010. Í fjárlagafrumvarpinu virðist hinsvegar lagt upp með að ganga ekki of hart fram gegn stóru sjúkrahúsunum og heilsugæslunni í landinu. Tillögur að breytingum voru hins vegar unnar án nokkurs samráðs við þá aðila sem veita þjónustuna og þeim sem þiggja. Það verklag ber vitni um virðingarleysi gagnvart starfsfólki og notendum viðkomandi heilbrigðisstofnana. Frá því tillögurnar litu fyrst dagsins ljós, í byrjun október, hafa áform ríkisstjórnarinnar að flestra mati verið óframkvæmanleg. Í breytingatillögum meiri hluta fjárlaganefndar er reynt að lappa upp á brostnar forsendur frumvarpsins og forða stærstu slysunum í heilbrigðiskerfinu.

Nýjar tillögur gera ráð fyrir að 1.296 milljónir króna sparnaður eigi að nást fram á næsta ári og 556 milljónir króna niðurskurði er frestað fram til ársins 2012. Til að fjármagna frestun eru 400 milljónir króna teknar úr Framkvæmdasjóði aldraðra og 326 milljónir króna úr óskiptum ramma heilbrigðisráðuneytisins. Það þýðir að framlag til heimahjúkrunar er lækkað um 96,4 milljónir króna og einnig eru lækkaðir ýmsir aðrir liðir sbr. meðfylgjandi töflu.

	Mkr.
Sjúkrahús óskipt	35,0
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Ísl.	61,0
Heilsugsælustöðvar almennt	35,0
Heilsugsælustöðvar almennt	11,0
Heimahjúkrun	96,4
Sjúkraflutningar	17,0
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	18,0
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	3,0
Heilbrigðisstofnanir, almennur rekstur	49,8
Samtals	326,2

Í tillögum meiri hluta er gert ráð fyrir því að sameina St. Jósefsspítala og Landspítala þann 1. febrúar n.k. og mun Sólvangur verða undanskilinn þeirri sameiningu. Kannaðir verða kostir þess að sameina heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi frá Blönduósi að Langanesi. Auk þess er gert ráð fyrir því að rekstur Sundabúðar á Vopnafirði færist frá HSA til sveitarfélagsins. Fullyrða má að töluverð óvissa ríkir um framgang þessara áforma.

Dulinn halli

Óuppgerður halli er víða í reikningum ríkisstofnana. Sem dæmi má nefna að halli LSH var tekinn til hliðar með lánveitingu úr ríkissjóði án þess að fyrir lægi samþykki Alþingis né heldur með hvaða hætti ætlast er til að stofnunin endurgreiði þessa lánveitingu. Ef hallinn verður afskrifaður á LSH munu aðrar stofnanir væntanlega gera sambærilega kröfu um eiginfjárstyrkingu og fjármögnun viðfangsefna sinna, í stað þess að greiða dráttarvexti sem bókaðir eru í bókhald stofnananna.

Augljóst er að þetta vinnulag gengur ekki upp og stenst hvorki lög né reglur um fjárreiður ríkisins.

Það sama á við um Sjúkratryggingar en engin svör hafa fengist um það frá heilbrigðisráðuneytinu með hvaða hætti á að ná þar fram 3.000 milljóna króna sparnaði sem

gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ekki hefur verið fylgt eftir þeim áætlunum sem lagt var upp með við stofnun hennar. Ekki er enn lokið við áformaða fjárhagslega uppskiptingu milli TR og SÍ í samræmi við niðurstöðu ráðgjafanna sem unnu að aðskilnaðinum fyrir forsætisráðuneytið. (Kostnaðargreining TR, dags. 6. maí 2008, lögð fyrir heilbrigðisnefnd Alþingis í aðdraganda laga nr. 112/2008). Því síður hefur færsla starfsmanna frá heilbrigðisráðuneyti og Landspítala gengið eftir.

Ríkisendurskoðun sá sérstaka ástæðu til að setja ofan í við fyrrverandi heilbrigðisráðherra sem lét undir höfuð leggjast að útfæra sparnaðartillögur ráðuneytisins fyrir fjárlagagerð ársins 2010. Ástæða umvöndunarinnar var sú að ráðherra hafði hvorki útfært né sett fram stefnu um þann sparnað sem Sjúkratryggingum Íslands var ætlað að ná fram við fjárlagagerðina. Niðurstaðan varð sú að markmið fjárlaga náðust ekki. Ástæða er til að óttast að sagan endurtaki sig í þessum efnum.

IV. Tillögur til úrbóta

Legið hefur fyrir í tvö ár að ráðast þarf í umfangsmikla uppstokkun á ríkisrekstrinum. Það eykur erfiðleika við útfærslu hennar að ekki liggur fyrir neitt mataf hálfu stjórnvalda á áhrifum tillagna fjárlagafrumvarpsins á aðra starfsemi ríkisins, sveitarfélaga né heldur áhrif á atvinnulíf og mannlíf í landinu. Veruleg hættu er á því að lægri fjárveitingar til ýmissa málaflokka muni veikja til muna þá grunngerð samfélagsins sem stjórnvöld og atvinnulíf hafa byggt upp á undanförunum árum.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur í þrjú árgang á þessu hnignunartímabili lagt fram tillögur til endurreisnar efnahagslífsins, síðast í byrjun nóvember s.l. Fyrir þinginu liggur þingsályktunartillaga um aðgerðir til að stuðla að sátt við heimilin, verja velferð með ábyrgum ríkisfjármálum, efla atvinnulífið og fjölga störfum. Í henni er lagt til að skattahækkningar ríkisstjórnarinnar verði dregnar til baka að fullu á næstu tveimur árum og ráðist verði í aðgerðir til að efla og styrkja íslenskt atvinnulíf. **Sjá fylgiskjal 3 (efnahagstillögur sjálfstæðisflokksins)**

Aðhald í ríkisrekstri er mikilvæg forsenda áframhaldandi velferðar. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins stefnir að hallalausum ríkissjóði árið 2013, en hefur að leiðarljósi að réttur landsmanna til grunnþjónustu í heimabyggð, - heilbrigðisþjónustu, löggæslu og menntunar, sé tryggður. Í efnahagstillögum sjálfstæðismanna eru fjölmargar aðgerðir til að bæta rekstur ríkisins, en tryggja jafnframt velferð. Meðal annars er lagt til að á meðan yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um ábyrgð á innstæðum í fjármálafyrirtækjum er í gildi verði tekið sérstakt 0,25% gjald af stofni allra innstæðna í bönkunum. Ítrekað er að farin verði sú leið að skattleggja inngreiðslur séreignarsparnaðar. Forsenda þeirrar tillögugerðar er sú að hvergi verði kvikað frá þeim áformum að ná heildarjöfnuði í ríkisfjármálum á árinu 2013. Lögð er áhersla á að forðast flatan niðurskurð á háskólastiginu, en þess í stað byggt á færri og sterkari einingum. Í heilbrigðiskerfinu skal svigrúm fyrir starfsemi einkaaðila aukið og í auknum mæli byggt á samkeppni um þá þjónustu sem veita þarf. Fátæktargildrum í

lífeyris- og bótakerfum skal útrýmt og hvatar til atvinnuþátttöku skerptir. Bótakerfið skal endurskoðað til að koma í veg fyrir hugsanlega van- eða oftryggingu bótaþega.

Þetta er leið Sjálfstæðisflokksins, skynsamleg leið til uppbyggingar. Hún byggir á skynsemi í ríkisrekstri, aðhaldi og ráðdeild, en jafnframt örvun atvinnulífs. Þetta er ekki leið skattþíningar og úrræðaleysis, þar sem seilst er æ dýpra í vasa heimila og fyrirtækja, með þeim afleiðingum að skattstofnar rýrna stöðugt. Flestum er jú ljóst að hærri skattar þýða ekki auknar tekjur og meiri álögur skapa ekki fleiri störf.

V. Niðurlag

Gangi áform fjárlagafrumvarpsins eftir um jöfnuð í ríkisfjármálum munu nást markmið sem sett voru í samstarfsáætlun Íslands og AGS haustið 2008 um frumjöfnuð ríkissjóðs. En erfiðasti hjallinn er eftir. Margir stjórnarþingmenn hafa lýst því yfir að fjárlög 2011 séu erfiðustu fjárlög sem lögð verði fram en það er alls ekki sjálfgefið. Stjórnvöld eiga enn eftir að ná halla ríkisins niður um 34 milljarða kr. Telja má fullvíst að enn hafi ekki verið hagrætt svo sem kostur er hjá öllum ríkisstofnunum. Því er mjög mikilvægt að mótuð verði framtíðarstefna í helstu málaflokkum ríkisins svo sem heilbrigðismálum, menntamálum og félagsmálum. Ef ekki tekst að ná viðunandi hagvexti mun þurfa að ganga enn lengra en hingað til í niðurskurði ríkisútgjalda. Því er nauðsynlegt að fyrir liggi skýr framtíðarstefna stjórnvaldaum breytingar á ríkisrekstrinum og að flestum verði ljós sú mynd af þjónustu ríkisins sem að er stefnt. Fjárlög eru síðan tæki sem stjórnvöld nota til að ná þessum markmiðum. Það gengur ekki að stefnan sé mótuð með fjárlögunum.

Áður hefur verið bent á mikinn veikleika tekjuhliðarinnar og að þar má lítið útaf bregða til að illa fari. Því er mjög áriðandi að ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan nái samstöðu um þær ráðstafanir sem grípa þarf til á gjaldahlið fjárlaga. Mikilvægt er að stjórnarflokkarnir taki ítrekuðu boði fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd um samstarf við að ná árangri í þeim erfiðu aðhaldsaðgerðum sem framundan eru. Til eru aðrar leiðir og vænlegri til árangurs en sú blindgata sem ríkisstjórnin virðist ratað í.

Alþingi, 8. desember. 2010.

Kristján Þór Júlíusson,

frsm.

Ásbjörn Óttarsson.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.